



Grunnskólinn á Þingeyri

Ársskýrsla 2019-2020

Ábyrgð - virðing - samheldni - gleði

Efnisyfirlit

Formáli	2
Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	3
Helstu markmið ársins	6
Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins	8
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda	9
Forföll nemenda	10
Forföll kennara	10
Kennslustundamagn	10
Niðurstöður samræmdra prófa	10
Upplýsingar um aðkeypta þjónustu	10
Upplýsingar um sjálfsmat	11
Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir	11
Upplýsingar um stórar fjárfestingar	12
Fjárhagsáætlun	13

Formáli

Grunnskólinn á Þingeyri hefur verið starfræktur frá árinu 1897. Ársskýrsla er gerð til að fara yfir starf skólans á skólaárinu sem er að líða. Skýrslunni er dreift til fræðslustjóra, fræðslunefndar og kynnt í skólaráði að hausti. Skýrslan birtist einnig á [heimasíðu](#) skólans. Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fram fer í Grunnskólanum á Þingeyri, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskólans á Þingeyri skólaárið 2019 – 2020. Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að ná starfsmarkmiðum. Farið er yfir stöðugildi og fjölda starfsmanna og upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Niðurstöður samræmdra prófa er ekki hægt að birta vegna fámennis. Ekki er fjallað um fjármál skólans í skýrslunni þar sem allar upplýsingar um þau er hægt að nálgast í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar en aftast í skýrslunni má sjá stöðuna nú, samanborið við áætlun.

Grunnskólinn á Þingeyri er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðabæ. Skólastarf hófst á Þingeyri árið 1897. Fyrsta skólahúsið var reist 1896, Wendelhús, byggt af Hermanní Wendel kaupmanni. Árið eftir hófst síðan reglulegt skólahald í húsinu. Í upphafi voru það foreldrar barna á Þingeyri sem stóðu fyrir skólahaldinu. Skólinn verður 123 ára í haust.

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Grunnskólanum á Þingeyri og skapa skólanum sérstöðu. Margar hefðanna eru áratuga gamlar og aðrar nýjar hafa fest sig í sessi á síðustu árum og skapa festu og öryggi í síbreytilegu skólastarfi. Faglegt starf er stór þáttur í skólastarfinu. Gæðagreinir var nýttur við mat á því hversu góðir skólinn okkar er, en vinna með hann hófst á síðasta skólaári. Byrjendalæsi var hluti af starfi yngsta stigs, eins og áður. Skólinn hafði verið tekin út af Menntamálastofnun, svokallað „Ytra mat“, á vormánuðum 2019 og að hausti var gerð umbótaáætlun í samræmi við það mat.

Á nýliðnu skólaári komu 35 nemendur að skólastarfinu og telst skólinn til fámennra skóla. Íbúafjöldi á Þingeyri og nágrennis er 326 samkvæmt heimildum Hagstofu (sótt á [hagstofa.is](#)).

Hornsteinar skólastarfsins eru : **Ábyrgð – virðing – samheldni – gleði.**

Hornsteinarnir vísa til þess :

- Að nemendum líði vel og séu ánægðir í eigin skinni og vinnu.
- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og sýni öðrum skilning.
- Að ábyrgð/metnaður vísi til þeirrar sómatilfinningar sem að allir sem að skólastarfinu koma ættu að finna fyrir
- Að nemendur finni fyrir þeirri tilfinningu að tilheyra hóp og skipta máli.

Skýrsla um skólahald

Áherslur í skólastafi voru með svipuðum hætti og síðastliðin ár. Kennarar hafa verið að læra að skipuleggja lotur og meta í [Mentor](#), sem er vefkerfi sem styður við starf skóla, m.a. með því að auðvelda kennurum vinnu við skráningar og einkunnagjöf, innleiðingu hæfnináms og auðveldar samskipti milli heimilis og skóla. Flestir eru að komast á lag við að skipuleggja námið á þann hátt sem nýtt námsmat krefst. Samkvæmt aðalnámskrá á að meta hæfni og framfarir nemenda reglulega og er það órjúfanlegur þáttur í námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfi á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Hægt er að nálgast helstu upplýsingar um skólann og starfið á [heimasíðu](#) skólans, þar eru birtar helstu fréttir og upplýsingar um skólastarfið. Skólinn er einnig með [Facebook](#) síðu þar sem áhersla er lögð á tilkynningar og almennar upplýsingar.

Foreldrafélagið var því miður mjög fámennt þetta starfsárið og kom það niður á starfinu. Illa gekk að fá foreldra til starfa í félagið, en vonir standa til að það gangi betur í haust. Hins vegar hefur félagið í samstarfi við skólastjóra unnið að því að kaupa peysur fyrir nemendur, sem eru merktar skólanum. Það er frábært framtak og eru peysurnar komnar í hús, og bíða nemenda.

Aðalmarkmið skólaársins var að halda áfram að bæta námsárangur (sameiginlegt átak skóla í Ísafjarðarbæ „Stillum saman strengi“) og viðhalda jákvæðum skólabrag samhliða því að auka samstarf heimilis og skóla. Áfram var unnið með stærðfræðiátök, sem voru tvisvar á skólaárinu. Þau fólu í sér að nemendur þjálfuðu atriði heima og í skóla, líkt og í lestri á fyrirfram ákveðnum tímabilum. Læsisstefna bæjarins var gefin út á síðasta skólaári og voru þrjú skipulögð lestrarátök hjá öllum nemendum skólans á árinu. Stuðningsfulltrúi með fulltingi sérkennara sinnti nemendum sem þurftu meiri stuðning í lestri og voru tíu nemendur sem fengu aukþjálfun á þessu skólaári. Auk þess sem allir nemendur áttu næðisstund að morgni þar sem þeir lásu, svokölluð lestrarstund.

Áfram var haldið að vera með uppbrot, „tómstund“ á yngsta- og miðstigi, þar sem nemendur sinntu öðruvísi verkefnum tvær kennslustundir á viku, með áherslu á útveru og hreyfingu. Með því náðu allir nemendur að vera með hreyfingu í töflu fimm kennslustundir á viku.

Skólinn var settur 23. ágúst „á sal“ og nemendur mættu í viðtöl hvert og eitt með foreldrum sínum sama dag. Gönguvikan er orðin hefð og hefur sá liður verið fastur í skóladagatali skólans í um 20 ár. Yngsta stigið fór í göngu um þorpið og unglingastigið gekk á Arnarnúp. Foreldrum er alltaf boðið að vera með í þessum göngum. Ólympíuhlaupið var 17. október. Margir höfðu sett sér markmið sem þeir stóðust og allir stefndu á að gera sitt besta. Öll börn

Heilsuleiksskólans Laufáss, fóru smá hring, elstu nemendur leiksskólans hlupu 2,5 km með yngsta stigi og þeir sem treystu sér til, á yngsta stigi, fóru 5 km. Mið- og elsta stig fór 5 eða 10 km. Nemendur bættu sig frá fyrra ári í fjölda kílómetra sem farnir eru, en á síðasta skólaári voru farnir 183,5 km en í ár var það 194 km. Við tókum þátt í Lífshlaupinu og lentum þar í 10. sæti af 40 í flokki skóla með færri en 90 nemendur, sem er ansi vel gert ☺

Í skólabyrjun fóru nemendur 6. og 7. bekkjar í skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði. Vegna fámennis er farið annað hvert ár, fara þá tveir bekkir saman. Að venju voru þetta góðir dagar, við leik og störf. Þar sem saman fer fjölbreytt kennsla og hópefli.

Áætlað var að vera með dansnámskeið eins og hefð hefur verið fyrir. En vegna veikinda danskennara að hausti og óveðurs og Covid-19 að vori, varð ekkert af því.

Nemendur yngsta stigs og elsta stigs fóru á sitthvora sýninguna í Edinborgarhúsinu 4. september. Einar Mikael kom til okkar 1. október við mikinn fögnuð nemenda. Að venju var Litla íþróttahátíðin, eða „Öðruvísileikar“, fyrir 1.-7.bekk haldin að hausti, 4. október að þessu sinni, þar sem litlu skólarnir á norðanverðum Vestfjörðum hittast og fara í ýmsar öðruvísi íþróttagreinar. Það var komið að Súðavík að skipuleggja daginn og tóku starfsmenn og nemendur Grunnskólans í Súðavík á móti okkur og áttu allir góðan dag. Unglingarnir fóru hins vegar til Bolungavíkur þann 10.október þar sem keppt var í hinum ýmsu íþróttagreinum í blönduðum hópum framá kvöld, sem endaði með balli.

List fyrir alla er verkefni á vegum stjórnvalda og er ætlun þess að allir landsmenn njóti listar, óháð búsetu eða efnahag. Við fengum til okkar, þann 8.október, Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur, rithöfund og teiknara. Hitti hún alla nemendur, í þremur námshópum, þar sem hún kynnti fyrir þeim töfraheim bókmenntanna og teikninga.

Skáld í skólum er samstarfsverkefni Rithöfundarsambandsins, Menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Villi Naglbítur (Vilhelm Anton Jónsson), rithöfundur með meiru og Linda Ólafsdóttir teiknari komu til okkar þann 29. október og sömdum við skemmtilega sögu saman. Elstu drengir leiksskólans komu og fengu að njóta með okkur.

Halloween ball á vegum nemendaráðs var samkvæmt venju í byrjun nóvember. Salurinn og gangurinn var skreyttur í samræmi við tilefnið og mættu galvaskir nemendur í ýmsum furðubúningum.

Haustfundur skólans var sameiginlegur með Heilsuleiksskólanum Laufási þann 6. nóvember. Auk þess sem farið var yfir hefðbundin atriði fengum við gestafyrirlesara, Aðalbjörg Stefánú Helgadóttur. Erindi Aðalbjargar hét „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ og fjallaði meðal annars um Samskiptaboðorðin, mikilvægi sjálfsræktar og að við, hin fullorðnu verðum ávallt að vanda okkur, þar sem við erum fyrirmyndir í öllu því sem við gerum.

Á Baráttudegi gegn einelti, 8. nóvember, skrifuðu nemendur og starfsfólk skólans undir sáttmála gegn einelti. Auk þess voru útbúin hjörtu og eitthvað fallegt skrifað á þau til að breiða út boðskapinn, hjörtunum var svo dreift til vina, fjölskyldu og skólafélaga. Í

Grunnskólanum á Þingeyri er einelti ekki liðið og eru því allir dagar baráttudagar gegn því, með því að koma fram við hvert annað með vináttu, kærleik og virðingu.

Þemadagar voru 18., 19. og 20. nóvember. Þemað þetta árið voru bókmenntir og var lögð áhersla á að vinna með höfundum sem nemendur þekktu, það voru Gunnar Helgason, J.K. Rowlings og Astrid Lindgren. Nemendum var skipt í þrjá hópa og voru þeir einn dag á hverri stöð, sem var í umsjón tveggja kennara. Nemendur gerðu alls konar skemmtileg verkefni, útbjuggu fótboltaspil, brúður sem voru svo notaðar til að taka upp frumsamið leikrit með green screen, skrifuðu sögur um persónurnar o.fl.

Auk alls sem að framan er talið, fóru nemendur 3.-5. bekkjar á Ísafjörð að sjá *Djáknnann á Myrká* og nokkrir nemendur unglingastigs fóru á Ungmennahúsið á Ísafirði.

Í desember tóku við hefðbundnir dagar, eða óhefðbundnir þar sem þeir eru hluti af hefðum skólans. Allir nemendur hittust á sal á mánudagsmorgnum, þar sem kveikt var á aðventukerti/um og jólasöngvar sungnir. Skreytingardagur var haldinn, þar sem nemendur fóru á milli stöðva og útbjuggu jólaskraut, skreyttu piparkökur o.fl. „Tarsan“ var í íþróttahúsinu þar sem allir nemendur tóku þátt. Rauði dagurinn var haldinn hátíðlegur en þann dag er opið hús í skólanum, þar sem gestum er boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur. Nemendur fóru með Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum og hægt var að skoða áhugasviðsverkefni og verkefni frá þemadögum. Ný hefð, eða vonandi verður þetta að hefð, var sköpuð þegar nemendur fóru í Kómedíuleikhúsið að útbúa grímur, skoða aðstæður í leikhúsinu og fengu að hitta Leppalúða sem var óvænt mættur á svæðið, aðeins á undan bræðrum sínum. Litlu jólin voru svo síðasta starfsdag fyrir jólafrí samkvæmt venju, en daginn áður var hátíðarmatur, jólabíó og jólaball á vegum nemendafélagsins.

Fyrstu mánuðir ársins 2020 lituðust af veðurviðvörðunum, lægðum, ófærð og óveðri. En á milli lægða hélt nemendaráð þorablót, þar sem kosin voru Halur og Snót og í framhaldinu var ball. Tólmstundarhópurinn, 1.-7. bekkur, fór í sleðaferð og nemendur 6. og 7. bekkjar tóku sig til og skrifuðu bréf til Samgönguráðherra, þar sem þau skoruðu á að fá að fara fyrst í gegnum Dýrafjarðargöng, þegar þau yrðu opnuð. Eins og þau orðuðu það: „Vegna þess að okkur finnst ekki sanngjarnt að einhver sem býr ekki einu sinni á Þingeyri fái að fara fyrstur“. Vel gert! Þegar þetta er ritað hefur ekkert svar borist... Kómedíuleikhúsið kom til okkur og fengum við að sjá *Íðunn og eplín*. Unglingastigið fór til Ísafjarðar þar sem Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur tók á móti þeim. Við tókum áskorun frá Brekkuskóla á Akureyri í Krakkasvarinu sem er liður í Krakkafréttum og birtist svarið í sjónvarpinu 27. febrúar. Einnig slógu nemendur tólmstundar „köttinn úr tunnunni“ og fengu rúsínur og annað hollt nammi. Þann dag voru allir í náttfötum en það var nemendaráð sem stóð fyrir náttfatadegi. Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar var 4.mars í Hömrum á Ísafirði, þar sem okkar kona stóð sig mjög vel. Nemendur yngsta stigs hófu samstarf með [Fræ til framtíðar](#), þar sem þau koma til með að rækta matjurtir í skólastofunni.

Um miðjan mars fór hins vegar fyrst að halla undan fæti, þar sem veira skók heiminn. Covid-19 var komin til landsins og hafði áhrif á líf allra Íslendinga. Starfsemi skólans litaðist af tilmælum þríeykisins, Ölmú, Víði og Þórólfi. Sólarkaffi var frestað, sem og árshátíð skólans,

páskabingói og öllum viðburðum sem fólu í sér samveru ólíkra hópa. Reynt var af fremsta megni að halda úti skólastarfi, miðað við breyttar kröfur. Hópar voru aðskildir, einum hóp var kennt fyrir hádegi og öðrum eftir, nemendur unglingastigs unnu heiman frá sér. Í þrítugang var skipulaginu kollvarpað. Allt tók þetta þó enda, í það minnsta vonum við að svo sé, og þann 11. maí mættu nemendur í skólann, líkt og ekkert hefði í skorist. Þá höfðu þeir síðast mætt 13. mars „venjulega“. Þá voru þrjár vikur eftir af skólastarfi, sem voru vel nýttar til hnýta alla lausa enda í skólastarfinu sem og uppbrots, sem er ekki síður mikilvægt. Nemendur miðstigs tóku sig til og hjóluðu fyrir Sandafell, Grænn dagur var haldinn þar sem nemendur fóru í ratleik í Yrkjuskógi og fengu heitt súkkulaði og nýsteiktar kleinur (í boði Ingibjargar Þ.). Á Vordegi var farið í Raggagarð, Melrakkasetrið skoðað og grillað áður en haldi var heim. Nemendur unglingastigs, ásamt unglingum á Flateyri, fóru á skyndihjálparnámskeið. Nemendur yngsta stigs fóru í hjólaferð um bæinn, hópar fóru niður að bryggju að veiða og 10. bekkur fór til Ísafjarðar að skoða MÍ. En einnig var farið í langþráð skólaferðalag, ekki var farið til Danmerkur eins og hefð er fyrir, hins vegar var farið um Suðurland, fjórir nemendur með tveimur umsjónaraðilum. Gist var á Hvolsvelli ([Midgaard base camp](#)) þar sem dekrað var við hópinn, farið í íshelli, „zipline“, á kayka og fleira skemmtilegt. Ógleymanleg ferð, sem gekk í alla staði mjög vel.

Skólaslit voru með óhefðbundnum hætti, þann 4. júní. Ekki var boðið til vorsýningar eins og hefð er fyrir, ekki var heldur kaffisala í félagsheimilinu á vegum kvenfélagsins. Hins vegar var 10. bekkingum, foreldrum þeirra og starfsfólki skólans boðið til kaffisamsætis í skólanum að loknum skólaslitum.

Helstu markmið ársins

Markmið (úr [starfsáætlun](#)):

Skólaárið 2019-2020 var lögð áhersla á bekkjarbrag og vellíðan. Ætlunin var að efla notkun spjaldtölva í kennslu, þar sem kennarar áttu að fá leiðsögn og stuðning við að finna efni er hentar námsefninu og markmiðum hvers fags, frá samkenndara. Nemendur settu sér markmið með gerð áforma, sem þeir vinna með stuðningi kennara út frá áætlunum í kjarnagreinum.

Unnið var með hæfniviðmið og lykilhæfni við mat og skipulag kennslu. Haldið var áfram að nota fjölbreyta kennsluhætti í skólastarfinu á öllum skólastigum þar sem spjaldtölvur voru m.a. nýttar sem kennslutæki. Horft var til starfa framtíðar og áhersla lögð á sköpun og framsýni. Samhliða, í sameiginlegu átaki grunnskóla Ísafjarðarbæjar, „Stillum saman strengi“ var áhersla lögð á stærðfræði ásamt því að viðhalda ánægju og árangri í lestri/íslensku. Allir nemendur skólans hófu daginn á yndislestri. Hér að neðan má sjá áherslupætti á skólaárinu, samkvæmt starfsáætlun:

1. **Stillum saman strengi.** Haldið er áfram með að leggja áherslu á stærðfræði og lestur. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur, þar sem foreldrar hlusta og skrá í stílabók, hvenær hlustað er, hversu lengi var lesið og hvað var lesið. Ákveðið að hafa þrjú lestrarátök á skólaárinu, en þau hafa verið gerð undanfarin ár og skilað góðum

árangri. Leitað er leiða til að auka fjölbreytni í stærðfræði, í verkefnum sem og þeim verkfærum sem nemendum stendur til boða. Einnig að hefja stærðfræðispretti í líku formi og lestrarsprettir. *Þetta gekk eftir, þrátt fyrir C-19 að vori.*

2. **Uppbyggingarstefnan.** Það þarf ávallt að viðhalda þeirri agastefnu sem skólinn fylgir. Ákveðið er að hafa a.m.k. einn kennarafund að hausti og einn að vori þar sem farið er yfir stefnuna, hvað gert hefur verið vel og hvar við þurfum að bæta okkur. Við erum meðvituð um mikilvægi þess að vera samstíga í framkomu okkar og ákvörðunum. Nú sem áður gerir sérkennari einstaklingsnámskrár með umsjónarkennurum. Öll stig gera bekkjarsáttmála sem er hafður að leiðarljósi til að allir geti sinnt hlutverkum sínum. Við vinnum með jákvæð samskipti og lærum að taka tillit til þarfa hvers annars. Umsjónarkennarar allra námshópa vinna með uppbyggingarstefnuna markvisst allan veturinn og halda bekkjarsamtali. Vinna verður sýnileg sem minnir okkur á góð gildi og hjálpa okkur að láta okkur líða vel. *Þetta gekk eftir – nema að ekki tókst að hafa fund að voru, vegna C-19.*
3. **Samráðstímar.** Til að efla enn frekar samráð kennara eru þeim markaður tími í stundatöflu, eftir að skóla líkur. Þar eiga allir kennarar að vera á staðnum til að geta tekið þátt í samráði og undirbúningi. *Þetta gekk eftir og gekk vel, hins vegar sýndi það sig að fundirnir þurfa að vera skipulagðir af skólastjóra og fundargerð rituð.*
4. **Námsmat.** Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat, eins og kostur er með markmið aðalnámskrár til hliðsjónar. Við deilum með samkennum því sem vel hefur tekist og ræðum um samfelli innan skólans. Kennsluáætlanir eru unnar í Mentor, sem og námsmat. Mikilvægt er að nemendur viti hvað er verið að meta og verði meðvitaðir um hæfni sína. Kennsluáætlanir eru settar inn á heimasíðu skólans. *Þetta gekk eftir.*
5. **Að viðhalda jákvæðum skólabrag.** Nemendur tileinki sér ákveðin gildi eins og samskiptahæfni, umburðarlyndi og virðingu. Nemendur læri að umgangast hvert annað í sátt og samlyndi. Allir sem koma að skólastarfi Grunnskólans á Þingeyri stuðli að jákvæðni með gagnkvæmri virðingu fyrir þeim sem að því koma. Mestu máli skiptir að nemendum líði vel í skólanum og þekki grunnþarfir sínar. Verkfæri uppbyggingarstefnunnar verða notuð ásamt bekkjarsáttmála, bekkjarsamtali og öðrum verkfærum í verkfærakistu uppbyggingarstefnunnar í samþættingu við aðrar námsgreinar ásamt lífsleikni. *Þetta gekk eftir. Nemendur G.P. eru einstakir, svo eftir er tekið, fyrir umburðarlyndi og kurteisi.*
6. **Forvarnaráætlun gegn einelti.** Unnið verði að forvarnaráætlun en rannsóknir sýna að þær eru árangursríkastar ef forvarnir hefjist snemma, áður en hegðunar-, og samskiptamynstur hafa náð að festast í sessi. Við ætlum að huga að hópunum sem heild og þjálfar nemendur í félagsfærni og efla jafningja sambönd. Það gerum við með því að þjálfar nemendur í samvinnu, málamiðlun og að leysa vandamál. Þessi færni er algjörlega nauðsynleg til að ganga vel félagslega í gegnum lífið. Þvíverju sinni yfir árið ætlum við að skoða og meta félagslegt samþykki. *Þetta gekk eftir að hluta, þ.e. síðasti liðurinn féll niður að hluta vegna C-19.*

Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla

- Með því að halda foreldrafund í október. Fara yfir með foreldrum hvers er ætlast til af þeim í samstarfi heimilis og skóla til þess að vinna að öfluggu skólastarfi. Vinna saman að lausnum ef upp koma atvik sem þarf að leysa með upplýsingagjöf milli heimilis og skóla, símleiðis eða mentor.is. *Þetta gekk eftir, nema fundurinn var í byrjun nóvember.*
- Foreldraviðtöl, þar sem nemendur setja sér námsmarkið, persónuleg markmið og félagsleg markmið. Farið er yfir hvort markmiðum hefur verið náð og hvernig best er að vinna að þeim. *Þetta gekk eftir.*
- Einnig verða miðlar nýttir til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra þannig að allir geti fylgst vel með starfinu innan skólans. Skólinn er með facebook síðu: *Grunnskólinn á Þingeyri*. Þar verða birta tilkynningar til foreldra en ekki er heimilt að miðla persónugreinandi upplýsingum á miðlinum. Auk þessa má finna upplýsingar á heimasíðu www.grthing.isafjordur.is. *Þetta gekk eftir.*

Tengsl skóla og umhverfis

- Það gerum við meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við Heilsuleikskólann Laufás t.d. með því að bjóða þeim og þiggja heimssóknir og aðra fræðslu (Brúum bilið). Með því að nýta umhverfi og nágrenni skólans til útikennslu sem og að heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Vera í samvinnu við Blábankann. *Þetta gekk eftir.*

Skólapúlsinn – sjálfsmat skólans

- Lagðar eru fyrir kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Unnið er með niðurstöður og bætt það sem þarf að bæta og styrkt það sem gott er.
- Tengslakannanir sem námsráðgjafi sinnir. *Þessir þættir gengu eftir, nema könnun Skólapúlsins sem halda átti að vori, féll niður vegna C-19.*

Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins

Skólaárið 2019-2020 var lögð áhersla á bekkjarbrag og velliðan. Ætlunin var að efla notkun spjaldtölva í kennslu, þar sem kennarar áttu að fá leiðsögn og stuðning við að finna efni er hentar námsefninu og markmiðum hvers fags, frá samkennara. Því miður gekk það ekki eftir eins og lagt var upp með, hins vegar unnu kennarar með spjaldtölvur í kennslunni, mismikið eftir stigum. Nemendur settu sér markmið með gerð áforma, sem þeir unnu með stuðningi kennara út frá áætlunum í kjarnagreinum.

Að viðhalda jákvæðum skólabrag tókst með ágætum að mati starfsfólks skólans ásamt því að niðurstöður skólapúlsins komu vel út. Það skiptir miklu máli að nemendum líði vel í skólanum og viljum við gera allt sem við getum til að svo sé. Samkvæmt gestum sem koma inn í skólann er andinn mjög góður og styðjumst við við orðatiltækið „Glöggt er gests augað“. Skólastarfið er margbreytilegt og ekki alltaf hægt að koma til móts við þarfir allra alltaf en

Það er sannarlega markmið okkar ásamt því að kenna nemendum hverjar skyldur og hlutverk þeirra eru. Vellíðan í skólanum hefur aukist í takt við þær áherslur sem við leggjum upp með í skólanum. Einelti mælist samkvæmt niðurstöðum skólapúlsins en sem betur fer mælist það langt undir meðaltali. Við viljum samt ekkert einelti og því verður haldið áfram að leita leiða til þess að koma í veg fyrir það ásamt því að vinna áfram með þá þætti sem hafa skilað árangri. Það ætlum við að gera með því að vinna með eineltisáætlun, kynna hana reglulega, gera hana sýnilegri ásamt því að fara vel í skilgreiningu á einelti. Einnig ætlum við að vinna áfram með bekkjarsáttmála og bekkjarfundi. Ef upp koma mál verða þau rædd á fundum og passa verður upp á eftirfylgni og upplýsingagjöf. Einelti er ekki það sama og samskiptavandi, mikilvægt er að aðstoða við að leysa öll vandamál svo þau þróist ekki í einelti og hrósa fyrir þá hegðun sem við viljum sjá.

Foreldrasamstarf gengur vel og sýna foreldrar nemenda mikinn áhuga á námi barna sinna. Foreldraviðtöl þar sem farið er yfir árangur og líðan ásamt því að setja sér markmið eru að skila sér og veita aðhald. Markvisst hefur verið unnið að því að minna foreldra á að þeir séu alltaf velkomnir í skólann til að ræða við starfsfólk og líta á starfið.

Vel tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum. Skólinn er fámennur, hver og einn kennari hefur mörgum hlutverkum að gegna. Öðruvísi álag einkennir starf kennara í fámennum skóla. Veturinn einkenndist af miklu annríki og mjög mörgum verkefnum, auk þess sem áhrif veðurs og Covid-19, lituðu allt skólastarf frá áramótum.

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

Nemendur voru 35 skólaárið 2019-2020, en það er sami fjöldi og árið á undan.

Kennslan fór fram í þremur námshópum:

1., 2. og 3. bekkur mynduðu námshópin yngsta stig, 4., 5., 6. og 7. bekkur voru saman í námshópnum miðstig. Á elsta stigi voru nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Mikil samkensla er við skólann. 6 nemendur eru tvítyngd og 5 nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir aldri og kyni:

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2013	2	0	2
2012	0	3	3
2011	4	1	5
2010	2	1	3
2009	3	3	6
2008	1	3	4
2007	0	1	1
2006	2	1	3
2005	3	1	4
2004	2	2	4
			35

Forföll nemenda

Veikindadagar nemenda: 124 dagar.

Leyfis dagar nemenda: 184 dagar.

Leyfis- og veikindadagar eru svipað margir og á fyrra skólaári. Hins vegar ber því ekki að leyna að þeir eru of margir og má velta upp hvað valdi. Það er nauðsynlegt að kafa betur ofaní þau gögn, fjarvistir einstaka nemenda eru mikil og þarf að skoða það sérstaklega. Mikilvægt er að gera foreldrum grein fyrir ábyrgð þeirra og skyldum varðandi skólasókn nemenda er kemur fram í lögum um grunnskóla sem og aðalnámskrá.

Forföll kennara

9 starfsmenn voru við Grunnskólann á Þingeyri á skólaárinu. 4 menntaðir kennarar, 2 leiðbeinendur, skólastjóri, skólabílstjóri og 2 almennir starfsmenn sem sinna blönduðum störfum stuðningsfulltrúa, skólaliða, húsvarðar og ræstinga. Að auki var einn starfsmaður í fæðingarorlofi.

Stöðugildi: 1 staða skólastjóra, 5,8 staða kennara og 1,8 staða almennra starfsmanna.

Skólabílstjóri er 0,25 stöðu. Að auki er námsráðgjafi í 7% stöðuhlutfalli við skólann.

Forföll eru greidd vegna veikinda, leyfa og annarra verkefna (félagsstörf og fundir).

Greidd forföll:

Veikindadagar kennara: 69 dagar (19 þessara dagar voru vegna veikindadagarétts)

Veikindadagar vegna veikra barna: 4 dagar

Kennslustundamagn

Skólanum voru úthlutaðar 127 kennslustundir. Úthlutun miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá. Inn í þessum tímafjölda eru einnig tímar fyrir sérkennslu, stuðning nýbúafræðslu.

Niðurstöður samræmdra prófa

Sökum fámennis í bekkjum er ekki gerð grein fyrir niðurstöðum samræmdra prófa í opinberri skýrslu.

Upplýsingar um aðkeypta þjónustu

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk.

Upplýsingar um sjálfsmat

Ákveðin viðmið sem skólunum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnu eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað og byggt á áreiðanlegum upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.

Grunnskólinn á Þingeyri tók þátt í nemenda-, og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Og byggist sjálfsmat skólans á niðurstöðum þeirra kannana ásamt greinum Gæðagreinis. Umbætur var ýmist farið í strax í kjölfarið eða ákveðið að gera það frá og með næsta skólaári. Skólinn var tekin út í ytra mati menntamálastofnunar að vori 2019 og í framhaldinu var gerð umbótaáætlun sem skilað var að hausti 2019 og unnið eftir á starfsárinu. Um miðjan júní, 2020, var farið yfir umbótaáætlunina og metið, hvað hafði verið gert og hvað stóð útaf. Þegar er búið að skila þeirri skýrslu, til Menntamálastofnunar sem og Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar.

Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir

Bæta þarf viðhald á öllu húsnæðinu bæði innan og utan dyra. Þak lekur í miðju rými sem tengir Þinghús og „nýju“ byggingu saman, reynt var að laga það sem hægt var að komast að í vetur, þegar keyrði um þverbak og míglak inn á salernum nemenda. Elsti hluti skólans er 122 ára á skólaárinu og vert að huga að því að halda honum áfram við. Starfsmannarými voru máluð fyrir stuttu og ný salernisaðstaða var gerð fyrir starfsmenn í gamla kjallaranum. Huga þarf áfram að lokuðum skápum í mynd,- og handmenntastofu þar sem vinnueftirlitið hefur gert athugasemdir við núverandi aðbúnað. Skólalóðin er í einstaklega góðum málum en það þarf að huga betur að „andliti“ skólans og gera umhverfið fyrir framan skólann huggulegra og í leiðinni snyrtilegra ásamt því að komið er að því að skólinn verði málaður að utan. Einnig þarf að huga að vatnsrennum og þaklistum. Snyrtilegra aðgengi dregur úr viðhaldi og þrífum innan dyra. Nánari upplýsingar um viðhald og endurnýjun má sjá í töflu hér fyrir neðan.

	Verk /viðhaldsvinna	Skýring	Annað/forgangur
1.	Laga skemmdir á klæðningu og þaki	Á nokkrum stöðum eru göt á bárujárnsklæðningu. Þarf að yfirfara þakið á nokkrum stöðum það lekur og hefur gert í mörg ár. Plötur orðnar lausar og músagangur	Forgangur 1
2.	Útihurðir og þakrennur	Útihurðir farnar að vinda sig og eru óþéttar. Myndi spara hita kostnað að laga þær. Þakrennur ónýtar.	Forgangur 2

3.	Skóli málaður að utan	Gluggar og steypdur grunnur þarf að mála til að viðhalda	Forgangur 3
4.	Bæta umhverfi skólans, sérstaklega að framanverðu.	Ganga frá svæði við aðal inngang, hellur og blómaker.	Forgangur 4
5.	Skóli málaður að innan	Þinghús og anddyri	Forgangur 5
6.	Úrbætur á skólalóð, viðhald (bera á tréverk)	Lagfæringar á marki, ljóskastara og breyta hæð á körfuboltahringjum.	Forgangur 6
7.	Veggskápar í handavinnustofu	Vinnueftirlit vill að efni og garn sé í lokuðum skápum í stað opinna hillna. Léttara andrúmsloft ástæða.	Forgangur 7
8.	Gardínur	Setja þarf gardínur í heimilisfræðistofu vegna sólar og hita. Athuga með smíðastofu	Forgangur 8
9.	Vifta í heimilisfræðiaðstöðu	Viftu vantar í eldhús til þess að bæta loftgæði, sérstaklega þegar kennsla á sér stað	Forgangur 9
10.	Gólf – bónvinna skipulögð	Það þarf að fara huga að því að leggja nýja gólfdukk á sal, nemendaeldhúsi, bókasafni,	Forgangur 10

Endurnýjun, viðbót vegna kennslu
Náttúrufræðiskáp
Gúmmí sessur/kúluboltastólar og kollur f. nemendur
Jógadýnur
Hækkanleg borð til að geta staðið við vinnu 3 stk. T.d. til að vinna við spjaldtölvu og fl.
Áhöld í eldhús
Gardínur í smíðastofu
Gardínur í heimilisfræðistofu
Vinnulýsingu í kennarastofum

Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Lögð var áhersla á í síðustu ársskýrslu að nauðsynlegt væri að fara í fjárfestingar á almennu viðhaldi skólahúsnæðis, sú áhersla heldur sér. Um er að ræða málningarvinnu innanhúss og að utan. Fyrirhugað var að skipta um þak á millibyggingu sem er búið að leka í mörg ár sem er farinn að skemma út frá sér á nokkrum stöðum vegna raka og vatnsskemmda síðasta sumar og svo aftur þetta sumar. Það verður ekki gert vegna annarra verkefna sem talin eru

nauðsynlegri hjá bænum. Einnig þarf að huga áfram að endurnýjun á húsgögnum og má þar nefna stóla fyrir alla nemendur á hjólum. Búið er að panta nýja stóla og borð fyrir nemendur á elsta stigi. Huga þarf að athugun um myglu þar sem þak á milli byggingu hefur lekið til fjölda ára. Mjög mikilvægt að gluggar og tréverk fái málningu á næsta ári. Á næstu misserum þarf ef til vill að fara að huga að breytingum sem snúa að sameiningu leik,-og grunnskóla í þorpinu.

Þessi texti hér að framan er óbreyttur frá fyrra ári, þar sem ekki hefur verið farið í þau verkefni sem þar eru talin en nauðsynlegt er að bæta úr hið fyrsta.

Fjárhagsáætlun

Staða fjárhags í sveitastjóra 29. júní 2020:

Hreyfing: 46.751.801 kr. **Áætlun:** 50.462.393 kr. **Mismunur:** 3.710.592 kr.

Lýkur hér yfirferð á helstu atriðum á 122. starfsári Grunnskólans á Þingeyri. Samantektin er ekki tæmandi en góð viðbót við heimildir um skólastarfið skólaárið 2019 – 2020.

30. júní 2020

Sonja Dröfn Helgadóttir, skólastjóri

